

Nd.

114. Frumvarp til laga

[99. mál]

um breyting á lögum nr. 37 1955, um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist:
og gjald verksmiðjunnar á Raufarhöfn til hreppssjóðs Raufarhafnarhrepps
aldrei minna en kr. 50000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni hreppsnefndarinnar í Raufarhafnarhreppi.

Á síðasta þingi var ákveðið með lögum, að tekjur Siglufjarðarbæjar af framleiðslugjaldi frá sildarverksmiðjum ríkisins skuli ekki fara niður fyrir tiltekna lágmarksupphæð, kr. 100000.00 á ári, enda þótt framleiðslan reynist minni en sem því svarar. Er hér farið fram á, að hliðstætt ákvæði verði lögfest vegna Raufarhafnarhrepps. Ekki er þó farið fram á sömu lágmarksupphæð framleiðslugjaldsins og lögfest var fyrir Siglufjörð, heldur helmingi lægri, eða kr. 50000.00.

Á árunum 1950—51 var framleiðslugjald á Raufarhöfn 106 þús. kr. að meðaltali á ári, eða sem svaraði nál. 5% álagðra útsvara. En síðustu fjögur árin hefur framleiðugjaldið verið sem hér segir:

Árið 1952	kr. 10338.00
— 1953	— 44783.00
— 1954	— 33758.00
— 1955	— 15000.00 (áætl.)

Framleiðslugjaldið 1955 svarar til tæpl. 5% álagðra útsvara það ár.

Þegar Raufarhöfn var gerð að sérstökum hreppi, var gert ráð fyrir því, að framleiðslugjald sildarverksmiðjanna stæði undir verulegum hluta af útgjöldum hreppsins. Nú hefur sildarbræðsla reynzt mjög lítil hin síðari ár og tekjur hreppsins af framleiðslugjaldi því farið mjög minnkandi, eins og tölurnar hér að ofan bera vitni um. Hins vegar hafa útgjöld hreppsins farið mjög vaxandi.